



Varðar: Umsagnarbeiðni vegna máls nr. 1416/2025 í Skipulagsgátt.

Reykjavíkurborg hefur yfirfarið skipulagslýsingu Mosfellsbæjar vegna fyrirhugaðs deiliskipulags Borgarlínu í Blikastaðalandi, sem tekur til u.þ.b. 850 metra kafla milli Korpúlfsstaðavegar og fyrirhugaðs fyrsta áfanga íbúðabyggðar í Blikastaðalandi. Borgarlínuleið þessi er hluti lotu 6 í samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins og tengir Ártúnshöfða, Keldnaland og Blikastaðaland. Leiðin er lykilhluti samgönguáss höfuðborgarsvæðisins og mun hafa veruleg áhrif á þróun byggðar bæði í Reykjavíkurborg og Mosfellsbæ. Vestan við Korpúlfsstaðaveg liggur vistvænn atvinnukjarni Korputúns sem nú er í uppbyggingu en innan hans er gert ráð fyrir Borgarlínu í sérrými er tengist við sveitarfélagamörk Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg er ekki beinn aðili að þessu skipulagssvæði (lega borgarlína í Blikastaðalandi) í landfræðilegum skilningi en hefur beina hagsmuna- og kerfislega aðkomu að verkefninu vegna tengingar við Borgarlínuásinn.

Skipulagslýsingin tekur til svæðis austan við Korputún (deiliskipulag samþykkt 2023) og lýsir framhaldi Borgarlínuássins til austurs yfir Blikastaðaland. Línan á þessum slóðum er framhald fyrirhugaðra þungavigtarsvæða í Reykjavík, þ.e. í tengslum við uppbyggingu á Ártúnshöfða og á Keldnalandi. Reykjavíkurborg leggur áherslu á að tryggt verði samræmi í inntaki Borgarlínunnar milli allra þessa skipulagssvæða, þar sem:

- Borgarlínuleiðin heldur áfram í sama sérrými og með sama sniði og fyrri hlutar (s.br, deiliskipulag borgarlínurennings gegnum Ártúnshöfða svæði 2).
- Stígakerfi, blágrænir innviðir og lýsing verði hönnuð sem samfellt kerfi.

Þannig verði tryggt að Borgarlínuásinn og tengdir innviðir virki sem samfella yfir sveitarfélagamörk.

Reykjavíkurborg telur mikilvægt að:

- Tryggt verði að þverun Korpúlfsstaðavegar og tenging við vistvænan atvinnukjarna Korputúns verði hönnuð í heild með tilliti til aðgengis, umferðaröryggis og forgangs almenningssamgangna.
- Í frekari hönnun verði skoðað hvernig gatnamót við Korpúlfsstaðaveg geta tryggt forgang Borgarlínu án þess að skerða umferðaröryggi eða aðgengi að atvinnusvæðum.
- Að tímasetningar hönnunar og framkvæmda á þessum tveimur svæðum (Korputún og Blikastaðaland) verði samstilltar í samræmi við lotu 6 Borgarlínu.

Reykjavíkurborg styður áherslur Mosfellsbæjar um að tryggja vistvænan samgöngumáta, gott aðgengi gangandi og hjólandi með áherslu á öryggi. Einnig er mikilvægt að tryggt sé samræmi við stígakerfi Reykjavíkur, sérstaklega tengingar við stofnstíg norður frá Grafarholti og suður að Keldum. Ennfremur er tekið undir áherslur Mosfellsbæjar um vistvæna hönnun, endurheimt Skálatúnslækjar og blágrænar ofanvatnslausnir. Borgin bendir á að ofanvatnslausnir og rennslisáætlanir á svæðinu geta haft áhrif á sameiginleg fráveitukerfi og móttöku innan Reykjavíkurborgar.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur SFFÍ og verkefnastjóri,
Jarprúður Iða Másdóttir, verkefnastjóri.